

**Austurbrú ses. – 2. stjórnarfundur
haldinn kl. 16, mánudaginn 21. maí 2012
að Miðvangi 2-4 í fundarsal AFLs**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Þórunn Eymundardóttir. Jafnframt Þorkell Pálsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulag fjármála og uppgjör sameinaðra félaga
2. Starfsmannamál og ráðningar
3. Stefnumótun
4. Verkefnastaða
5. Fagráð
6. Fyrirkomulag stjórnarfundu og framkvæmdaráðs
7. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 16.00 og gengið var til dagskrár.

1. Skipulag fjármála og uppgjör sameinaðra félaga.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhuguð uppgjör og aðstoðaráritun endurskoðenda Þekkingarnets, Þróunarfélags, Markaðsstofu og Menningarráðs sem verða 31. maí. Upphaf efnahags Austurbrúar verði 1. júní 2012. Verið er að kanna með úthýsingu á bókhaldi og hefur verið óskað eftir tilboðum frá þremur aðilum á Austurlandi. Einnig er í skoðun úthýsing á tölvuþjónustu Austurbrúar. Umræður urðu um uppgjörsmálin og var óskað eftir álitum endurskoðenda. Umræða var einnig um úthýsing á tölvuþjónustu og komu fram þau sjónarmið að fyrirtæki á Austurlandi yrðu til skoðunar án þess að slaka á kröfum um samkeppnishæfni.

2. Starfsmannamál og ráðningar

Framkvæmdastjóri kynnti starfsmannamál og fyrirhugaðar ráðningar. Auglýst hefur verið eftir nýsköpunar- og þróunarfulltrúa og markaðsfulltrúa. Umsóknarfrestur rennur út þann 24. maí. Einnig kom fram að tveir starfsmenn Þekkingarnets eru að hætta og verður ráðið í þeirra stað.

3. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri kynnti frumhugmyndir að stefnumótunarvinnu. Framkvæmdastjóri mun kynna málið frekar á næsta stjórnarfundu eftir frekari undirbúning og könnun á hvaða utanaðkomandi aðilar gætu aðstoðað við framkvæmd. Einnig verði gerð kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun.

4. Verkefnastaða

Framkvæmdastjóri kynnti verkefnastöðuna, fram kom að þrjú stærri verkefnum lýkur í september 2012.

5. Fagráð

Framkvæmdastjóri mun boða fyrsta fund fagráðs sem verði haldinn í kringum miðjan júní. Á fundinum kjósi fagráð formann og varaformann. Framkvæmdastjóri mun kynna starfsemina og verkefni framundan.

6. Fyrirkomulag stjórnarfunda og framkvæmdaráðs

Stjórn áætlað að stjórnarfundir verði nokkuð tíðir fyrst um sinn. Framkvæmdaráð mun koma saman milli stjórnarfunda ef þörf krefur. Næsti fundur stjórnar var ákveðinn 5. júní kl. 15.00 og verður hann haldinn á Reyðarfirði.

7. Önnur mál

Fjallað var um húsnæðismál á Egilstöðum, einnig var gengið frá tilkynningum til fyrirtækjaskrár vegna stofnunar Austurbrúar og prókúruumboði framkvæmdastjóra. Framkvæmdaráð fari sameiginlega yfir tímana og Valdimar taki við tímaskráningum frá öðrum stjórnarmönnum. Þessar vinnuskýrslur verði lagðar fram á stjórnarfundum og laun síðan gerð upp annan hvern mánuð eins og fyrir stjórnarfundum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.00.

Valdimar O. Hermannsson

Skúli Björn Gunnarsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Sigrún Blöndal

Rögnvaldur Ólafsson

Þórunn Eymundardóttir